

Fiskeldið gefur þrjá milljarða. Fréttablaðið, 20.11 2009



Bleikjueldi. Íslenskir eldismenn hafa náð góðum árangri í bleikjueldi. Þeir eiga meirihlutann af fimm þúsund tonna heimsmarkaði. mynd/guðbergur rúnarsson

Framleiðsluverðmæti íslensks fiskeldis er áætlað um þrjú milljarðar á þessu ári en hefur verið á bilinu 1,7 til 3,3 milljarðar á undanförunum fimm árum. Í nýrri skýrslu Landssamtaka fiskeldisstöðva (LF) um stöðu fiskeldis hér á landi er því spáð að framleiðslan muni tvöfaldast til ársins 2015 og verði þá um tíu þúsund tonn.

Framleiðslan hefur dregist saman á síðustu árum og er skýringarinnar að leita í samdrætti laxeldis. Á þessu ári segja áætlanir að fimm þúsund tonn verði framleidd, en það er sama magn og í fyrra. Bleikjueldið gefur mest af sér, um þrjú þúsund tonn, en í eldi bleikju standa Íslendingar fremstir og ráða heimsmarkaðnum að stórum hluta.

Vaxtarspá LF tekur aðeins tillit til áforma þeirra fyrirtækja sem nú þegar eru í rekstri. Mikil óvissa er því um spána þar sem ákvörðun eins fyrirtækis um að hefja umfangsmikið eldi getur aukið framleiðsluna umtalsvert á þeim tíma sem horft er til.

Guðbergur Rúnarsson, framkvæmdastjóri LF, segir að rekstrarskilyrði fiskeldis hér á landi hafi batnað að undanförunu með fallandi gengi. „Gengið var eldinu afar óhagstætt árin 2006 og 2007 en því er öfugt farið nú. Gengið gerir það að verkum að rekstrarskilyrðin eru ágæt.

Verðið hefur líka haldist gott, til dæmis á bleikjunni.”

Á móti hagstæðu gengi krónunnar koma hugmyndir stjórnvalda um orkuskatt. Það snertir strandeldi sérstaklega þar sem tíu til fimmtán prósent rekstrarkostnaðar eru orkukaup. Eldismenn hafa lengi reynt að fá orkuverð lækkað, en eins og hjá fleiri greinum hefur það verið án árangurs.

Ársverk í fiskeldi á Íslandi eru um 150 og til viðbótar eru afleidd störf hjá þjónustufyrirtækjum og stofnunum. Fjöldmörg rannsóknar- og þróunarverkefni hafa verið sett á koppinn, flest fyrir tilstilli AVS rannsóknasjóðs sjávarútvegsráðuneytisins. Sameiginleg viðfangsefni fyrir allar eldistegundir, lax, bleikju, þorsk og flatfisktegundir, er efling á sjúkdómaeftirliti og bætt aðstaða til sjúkdómarannsókna. Einnig upplýsingaöflun til markaðsstarfs.

Guðbergur telur að fiskeldi á Íslandi eigi framtíð fyrir sér en sníða verði stakk eftir vexti. Hann lítur til Færeyja sem fyrirmyndar þar sem framleiðslan er um fjörutíu þúsund tonn á ári. – shá

Ætla að framleiða 3000 tonn

[bb.is](#) | 19.11.2009 | 11:47



Þóroddur ehf. á Tálknafirði.

Þóroddur ehf. á Tálknafirði hefur í hyggju að framleiða 3000 tonn af laxi í sjókvíum á

sunnanverðum Vestfjörðum. Hreppsnefnd Tálknafjarðar hefur bókað að hún sé fylgjandi áformum um aukið fyrirtækisins fiskeldi. Á fundi bæjarráðs Vesturbyggðar var tekið fyrir erindi Skipulagsastofnunar þar sem óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum framleiðsla af laxi sem Þóroddur ehf. hyggst vinna í Tálknafirði og Patreksfirði, skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Bæjarstjóri hefur aflað upplýsinga um afstöðu Hafrannsóknarstofnunar og Fornleifanefndar og telur bæjarráð ekki ástæðu til þess að fram fari mat á umhverfisáhrifum vegna framleiðslunnar. Þóroddur varð til 1. maí 2004 þegar Þórsberg á Tálknafirði og Oddi á Patreksfirði sameinuðu þorskeldisstarfsemi sína.

Í nýútkominni skýrslu um stöðu fiskelda á Íslandi kemur fram að eftir mikinn samdrátt í laxeldi er gert ráð fyrir mikilli aukningu í framleiðslu á laxi. „Árið 2008 nam framleiðslan um 5.000 tonn og áætlað er að framleiðslan verði svipuð árið 2009 og þar af um 3.000 tonn í bleikjueldi. Á næstu árum verður aukning og spáin er rúm 10.000 tonn árið 2015 og er þá miðað við hugsanlega áform þeirra fyrirtækja sem nú eru í rekstri. Mikil óvissa er þó um þessa spá þar sem ákvörðun um að hefja umfangsmikið eldi í einni eða fleiri stórum fiskeldisstöðvum getur hugsanlega aukið framleiðsluáform umtalsvert,“ segir í skýrslunni.

thelma@bb.is

Aukin umsvif hjá Dýrfiski

Bæjarins besta, 17. nóv. 2009 11:45



Frá sjóeldiskví Dýrfisks í Dýrafirði.

Gert er ráð fyrir að framleiðsla á regnbogasilungi komi til með að aukast mikið á Íslandi vegna aukinna umsvifa hjá Dýrfiski á Þingeyri sem er með regnbogasilungsemi í Dýrafirði og fiskeldisstöð á Tálknafirði. Samkvæmt skýrslu Landsambands fiskeldisstöðva um stöðu fiskeldis á Íslandi, framtíðarhorfur og tillögur í rannsóknar- og þróunarstarfi er því spáð að á árinu 2010 verði framleiðslan komin upp í 800 tonn og á næstu árum um og yfir 1.000 tonn á ári. Mest var framleiðslan árið 2002 um 250 tonn en engin skráð framleiðsla var 2008. Regnbogasilungur er nú framleiddur í landeldisstöð hjá Norðurlaxi í nágrenni við Húsavík og í sjókvíum hjá Dýrfiski í Dýrafirði. Hjá Dýrfiski eru sett tæplega 100 g seiði í sjókvíar og er gert ráð fyrir að þau nái 2,5 kg á 10-15 mánuðum. Regnbogasilungur er einnig framleiddur í litlum landeldisstöðvum og sleppt í tjarnir (vötn) fyrir stangveiðimenn.

Árið 1951 voru regnbogasilungshrogn flutt inn frá Danmörku og aftur 2008. Engar kynbætur eru stundaðar á regnbogasilungi hér á land í dag. Regnbogasilungsseiði eru framleidd hjá þremur fyrirtækjum; Laxalóni, Norðurlaxi og Dýrfiski í Tálknafirði.

Í skýrslu Landsambands fiskeldisstöðva er ekki reynt að meta framleiðsluverðmæti regnbogasilungs úr eldi. Þar sem regnbogasilungur fellur undir silung í Utanríkisverslun Hagstofu Íslands eru ekki til upplýsingar um útflutning. Á undanförunum árum hefur megnið af regnbogasilungi farið á innanlandsmarkað m.a. í reykingu.

Spá tvöföldun fiskeldis

mbl.is 15.11.2009



Spáð er hægri aukningu í þorskeldi en ef vel tekst til með þróunarstarf komi kippur í það eftir sex ár. [mbl.is/Helgi Bjarnason](http://mbl.is/Helgi-Bjarnason)

Reiknað er með að framleiðsla í fiskeldi tvöfaldist hér á landi á næstu sex árum og að eldið skili þá um 10 þúsund tonnum af fiski. Áfram er reiknað með að bleikjan verði mikilvægasti eldisfiskurinn.

Landssamband fiskeldisstöðva hefur gefið út skýrslu þar sem gerð er grein fyrir stöðu fiskeldis á Íslandi, framtíðarhorfum og tillögum í rannsóknar- og þróunarstarfi.

Þar kemur fram að framleiðsla hefur dregist saman á síðustu árum vegna þess hversu illa hefur gengið í laxeldinu og margar stórar stöðvar hætt.

Áætlað er að framleidd verði um 5000 tonn í ár, svipað magn og á síðasta ári. Meira en helmingur er bleikja.

Skýrsluhöfundar segja að aukning sé í kortunum og spá því að framleiðsla í fiskeldi verði tvöfalt meiri eftir sex ár. Miða þeir við áform þeirra fyrirtækja sem nú eru í rekstri. Taka þeir þó fram að mikil óvissa ríki um þessa spá þar sem ákvörðun um að koma á fót einni eða fleiri stórum fiskeldisstöðvum til viðbótar geti aukið framleiðsluáformin umtalsvert.

Bleikjan mikilvægust

Áfram er reiknað með að bleikjan verði mikilvægasti eldisfiskurinn. Því er spáð að framleiðslan aukist í 3500 tonn á næsta ári og 5 til 6 þúsund tonn árið 2015.

Eftir mikinn samdrátt í laxeldi er gert ráð fyrir aukningu og framleiðslan verði komin í 2000 tonn árið 2012. Jafnframt að útflutningur á laxahrognum verði meiri en 50 milljónir hrogna á ári hverju og hugsanlega einnig á laxaseiðum, eins og verið hefur undanfarin ár.

Þorskeldið hefur skilað um 1500 tonnum á ári og reiknað er með hægri aukningu á meðan verið að þróa eldið. Því er þó spáð að framleiðslan verði 2500 tonn eftir sex ár. Ef vel tekst til við þróunarvinnuna er líkum að því leitt að mikil aukning geti orðið í þorskeldi eftir 2015.

Áfram er gert ráð fyrir lítilli framleiðslu á lúðu til matar en aukningu á útflutningi á seiðum. Reiknað er með lítillsháttar aukningu í sandhverfueldi. Eldi á regnbogasilungi hefur verið í lægð en nú eru áform um að framleiðslan komist í um 1000 tonn innan örfárra ára.

Skýrsluna má skoða [hér](#). Hún verður formlega kynnt á fundi í húsnæði Hafrannsóknarstofnunarinnar á morgun, kl. 11 til 12.